

Útdráttur

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er að rekja sögu grunn- og leikskólans á Þórshöfn og fjalla um hvernig skólastigin hafa þróast í gegnum tíðina. Höfundur er sjálfur fæddur og uppalinn á Þórshöfn og stundaði því nám í báðum þessum skólum. Skoðað verður hvernig viðhorf til beggja skólanna hefur breyst og hvernig samstarf hefur verið á milli þeirra síðustu árin.

Ritgerðin skiptist upp í fimm megin hluta. Í fyrsta hluta er í stuttu máli sagt frá Þórshöfn á Langanesi, mannlífinu þar og um hvað líf þorpsbúa og sveitunga þeirra hefur snúist frá því um 1900 til dagsins í dag. Þá verður skólasaga íslendinga rakin í öðrum hlutanum og greint frá helstu breytingum sem orðið hafa í menntun og skólafarfi frá því á miðöldum til okkar daga.

Í þriðja hluta verður saga grunnskólans rakin, innra og ytra starf skoðað og hvernig skólafarfið hefur breyst á margan hátt síðan um miðja síðustu öld.

Fjórdi og fimmti hlutinn er um leikskólann og sögu hans. Eins og í kaflanum um grunnskólann verður hið innra og ytra starf skoðað sem og byggingasagan. Að lokum verður fjallað um tengsl leik- og grunnskólans á Þórshöfn. Fjallað verður um hvernig almennt er hægt að brúa bilið á milli skólastiganna, en einnig hvernig því hefur verið háttað á Þórshöfn. Elstu börn leikskólans hafa heimsótt grunnskólann reglulega síðan 1999 og þar af leiðandi hafa mikil tengsl skapast á milli skólanna. Kennari fyrsta bekkjar grunnskólans og leikskólakennari hafa unnið saman að markmiðum og leiðum til að hafa að leiðarljósi er þeir skipuleggja starf fyrir elstu börnin.

Abstract

The subject of this essay is to trace the history of the compulsory- and the preschool of Þórshöfn. It deals with the development of these schools. The author was born and raised in Þórshöfn and has graduated from both these schools. There will be a discussion of how the works in these schools have developed through the years and how the attitude towards it has changed the past years.

The essay has six main chapters. In the first part Þórshöfn in Langanes will be introduced, the people who live there and what their lives has been like since the year 1900 and to the present day. The Icelandic history of schools and education will be told in the second part and the main changes and development introduced from the middle age to the present day. In the third part the history of the compulsory school is traced, from its beginning and also how the basic ideology of the school has changed in many ways since the 1950's.

The fourth and fifth chapter is about the preschool. The history will be traced, as the ideology through the years.

Finally there will be an introduction in general of how it is possible to build a bridge between these two schools, but also how it has been done in Þórshöfn. The oldest children in the preschool have visited the compulsory school regularly since the fall 1999 and therefore have grown good connection between the schools. The first grade teacher of the compulsory school and the pre-school teacher have worked together and made a kind of curriculum to have in mind as they plan the work with the oldest children.